

Gott að eldast - Frestur til þátttöku framlengdur

Til : Gott að eldast <gottadeldast@frn.is>
Frá : Gott að eldast <gottadeldast@frn.is>
Heiti : Gott að eldast - Frestur til þátttöku framlengdur
Málsnúmer : 2308036
Málsaðili : Vesturbyggð
Skráð dags : 23.08.2023 13:58:08
Höfundur : Gott að eldast <gottadeldast@frn.is>

Viðhengi [Förum alla leið.png](#)
[Förum alla leið.png](#)
[image003.jpg](#)
[image003.jpg](#)

Góðan daginn,

Frestur til að sækja um þátttöku í þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu hefur verið framlengdur til og með **14. september** nk. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið auglýstu fyrr í sumar eftir samstarfi við sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir sem vilja vinna að þróunarverkefnum um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk í heimahúsum. Með samþættingu er átt við að rekstur þjónustunnar sé á einni hendi, jafnt mannafla- sem fjármálastjórn.

Tímarnir breytast og mennirnir með. Aldurssamsetning þjóðarinnar líka. Fólk lifir lengur en áður og er virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr. [Gott að eldast](#) er yfirskrift aðgerðaáætlunar stjórnvalda í málefnum eldra fólks. Liður í henni er að þróa þjónustu við borgarana í takt við breyttar þarfir og nýja tíma. Samstarfið sem hér um ræðir snýst einmitt um það.

Viltu taka þátt?

Skilgreind verða þróunarverkefni til fjögurra ára á grunni [aðgerðaáætlunarinnar Gott að eldast](#) sem Alþingi samþykkti þann 10. maí sl. Meginþungi aðgerða í áætluninni felst í þróunarverkefnum þar sem samþætting félags- og heilbrigðisþjónustu í heimahúsum, nýsköpun og prófanir munu nýtast sem grundvöllur að ákvörðunum um framtíðarskipulag þjónustu við eldra fólk.

Skilyrði fyrir þátttöku er að heilbrigðisstofnun sem rekur heimahjúkrun og sveitarfélög (aðilar) sem reka stuðningsþjónustu séu sammála um að einn aðili reki samþætta heimaþjónustu á tilteknu svæði; sveitarfélag, heilbrigðisstofnun eða að þau feli í sameiningu þriðja aðila rekstur þjónustunnar.

Valin verða sex svæði til þátttöku. Markmið verkefnanna er að leiða í ljós kosti og galla þess að samþætta rekstur heimaþjónustu.

Samstarfsaðilum verður veittur skipulagður stuðningur og ráðgjöf við innleiðingu þróunarverkefnanna og eftirfylgni, auk mats á árangri.

Umsóknarfrestur er til **14. september 2023** og sótt er um á rafrænu formi á [eyðublaðavef Stjórnarráðsins](#).

Frekari upplýsingar veitir Berglind Magnúsdóttir, verkefnastjóri Gott að eldast, [eldast, berglind.magnusdottir@frn.is](#).

- **Sjá einnig** [gottadeldast.is](#)

Bestu kveðjur,
Verkefnastjórn Gott að eldast

Förum alla leið

Samþætt þjónusta í heimahúsum

Viljið þið vera þátttakendur í þróunarverkefni um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk?

Spennandi tilraunaverkefni eru að hefjast, sjá gottadeldast.is

Gott 
að eldast



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið



Stjórnarráð Íslands
Heilbrigðisráðuneytið

A. Samþætting

A.1 Þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu

Á árinu 2023 hefjist skilgreind þróunarverkefni á 4-6 svæðum á landinu þar sem félags- og heilbrigðisþjónusta sem veitt er eldra fólki í heimahúsi er samþætt, undir sameiginlegri mannafla- og fjármálastjórn. Samhliða þróunarverkefnum verð markvisst innleidd velferðartækni.

Markmið aðgerðarinnar verði að eldra fólk fái markvissa og samfellda þjónustu heim samkvæmt faglegu mati. Fyrir liggi niðurstöður úr þróunarverkefnum frá fjórum svæðum að lágmarki við lok tímabils.

[Sjá aðgerðaáætlun →](#)